

## Umhverfi og loftmengun

### *Environment and pollutant emissions*

#### *Samantekt*

Í riti þessu eru dregnar fram tölulegar upplýsingar um nokkra þætti umhverfismála með áherslu á útstreymistölur mengandi lofttegunda og samanburð við önnur lönd. Á tímabilinu 1990–2004 hefur heildarútstreymi koldíoxíðs aukist hérlendis um 31% og útstreymi brennisteinsoxíðs um 7%. Í báðum tilvikum hefur útstreymi frá iðnaðarferlum aukist mikið. Útstreymi köfnunarefnisoxíða, kolmónoxíðs og rokgjarnra lífrænna efna hefur minnkað á sama tímabili. Er það fyrst og fremst vegna þess að dregið hefur úr útstreymi frá vegasamgöngum, aðallega vegna fjölgunar bíla með hvarfakúta. Á allra síðustu árum hefur útstreymi þessara lofttegunda hins vegar aukist á ný, líklega vegna fleiri bíla í umferð og vegna þess að nýskráðir einkabílar eru sífellt þyngri og kraftmeiri. Einkabílum hefur fjölgað meira hér en í þeim löndum sem tekin eru til samanburðar og mun meira en á hinum Norðurlöndunum. Orkunotkun Íslendinga er með því mesta sem þekkt, þegar miðað er við orkunýtingu á hvern íbúa. Hins vegar er sérstaðan mikil hvað varðar orkugjafa og er nýting endurnýjanlegra orkugjafa mun meiri en víðast annars staðar. Ferskvatn er ein mesta auðlind Íslands og er hér meira neysluvatn til ráðstöfunar á hvern íbúa en í flestum öðrum löndum, þrátt fyrir að árleg vatnstaka á hvern íbúa sé með því mesta sem þekkt. Magn úrgangs eykst stöðugt en meðferð hans hefur batnað mjög á undanförunum árum. Verið er að endurskoða tölur um landnýtingu og því eru þær ekki birtar í þessu riti nema hvað varðar friðlýst svæði.

#### Inngangur

Umhverfisráðuneyti var stofnað á Íslandi árið 1990 og árið 1993 hóf Hagstofan skipulega söfnun talnalegra upplýsinga um hin ýmsu umhverfismál. Upplýsingum er safnað í samvinnu við hinar ýmsu fagstofnanir er sjá um mælingar og eftirlit á ýmsum sviðum umhverfismála. Segja má að heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, um umhverfi og þróun, í Ríó de Janeiro árið 1992, hafi fyrst verulega ýtt undir þörf á skipulegri söfnun á talnalegum upplýsingum um þessi mál hér á landi. Í dag ber Íslendingum, eins og öðrum þjóðum, að skila upplýsingum um umhverfismál til ýmissa alþjóðastofnana og oftast en ekki að setja þær fram í talnalegu samhengi. Í upphafi söfnunar stóð það skipulegu upplýsingastreymi um umhverfismál fyrir þrífum að töluvert skorti á samfelldar mælingar og tölur yfir lengri tíma. Þetta hefur færst til betri vegar, enda ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar litið dagsins ljós á þessum tíma, sem verður að taka tillit til. Í árbók Hagstofunnar, Landshögum, hafa í gegnum tíðina birst ýmsar tölulegar upplýsingar sem í dag falla að einhverju eða öllu leyti undir umhverfismál. Nefna má veðurfar, orkunotkun, orkuframleiðslu og orkugjafa, ýmsar upplýsingar um samgöngumál sem eru mikilvægar í umhverfislegu tilliti, landfræðilegar upplýsingar og tölur um notkun tilbúins áburðar í landbúnaði svo og margvíslegar upplýsingar um fiskveiðar. Frá árinu 1994 bættust við töflur er sýndu útstreymi mengandi lofttegunda og síðar upplýsingar um úrgang



og friðlýst svæði. Allar þessar upplýsingar eru nú jafnframt aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar. Auk þessa hafa tvö sérrit um umhverfismál verið gefin út af Hagstofunni, árin 1997 og 1998. Efni það sem hér birtist hefur verið takmarkað eftir því hve góðar upplýsingar liggja fyrir, ekki síst með tilliti til samanburðar milli landa. Ekki er um tæmandi upptalningu þeirra flokka umhverfismála sem gjarnan eru nefndir á alþjóðavettvangi að ræða. Þannig eru ýmis mál, sem þó eru talin mikilvæg í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál, ekki með hér sökum þess að litlar eða óöruggar talnalegar upplýsingar finnast um þau. Til dæmis má nefna upplýsingar um hávaðamengun og umhverfiskostnað. Einnig má nefna að fiskveiðar eru gjarnan með í umfjöllun um umhverfismál á alþjóðavettvangi og þó ekki sé skortur á upplýsingum hvað það málefni snertir er hér fremur bent á aðrar sérútgáfur Hagstofunnar um fiskveiðar, sem eru mun yfirgrípsmeiri en kostur gefst á að gera í þessu riti. Rit þetta er ekki heildstætt rit yfir talnalegar upplýsingar umhverfismála hjá Hagstofunni, heldur inniheldur það einungis valda þætti umhverfismála með áherslu á loftmengun, sem er sá málaflokkur sem er fyrirferðarmestur í alþjóðlegri umræðu.


## Útstreymi skaðlegra lofttegunda

### Gróðurhúsalofttegundir

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda er það útstreymi skaðlegra lofttegunda sem menn hafa mestar áhyggjur af. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar tók gildi 21. mars 1994. Sérstök bókun við samninginn, Kýótó-bókunin, kveður á um að aðildarríki skuli draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda, miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012. Heimildir Íslands til útstreymis gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabilinu eru tvíþættar: Í fyrsta lagi skal almennt útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990 og vera því innan við 3.610 þús. tonn koldíoxíðgilda að meðaltali árin 2008–2012. Í öðru lagi skal koldíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju, sem fellur undir ákvörðun 14/CP.7 við bókunina, haldið utan við almennar losunarskuldbindingar eftir að losunarheimildir hafa verið fullnýttar. Þetta útstreymi skal ekki vera meira en 1.600 þúsund tonn árlega að meðaltali árin 2008–2012.

### Mynd 1. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Figure 1. Total greenhouse gas emissions




<sup>1</sup> Útstreymi að frádregnu útstreymi sem gæti fallið undir ákvörðun 14/CP.7. Emissions fulfilling Decision 14/CP.T.

Koldíoxíð

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda jókst hér á landi um tæplega 11% árin 1990–2004. Uppruni útstreymisins sést í töflu 1 og mynd 1 sýnir þróun frá árinu 1990, þar sem stöplur sýna raunverulegt útstreymi, en punktalína sýnir útstreymi að frádregnu útstreymi sem gæti fallið undir ákvörðun 14/CP.7. Minnkun útstreymis milli áráanna 1990 og 1994 má fyrst og fremst rekja til minnkandi útstreymis flúorkolefna (PFC), en aukning frá árinu 1994 er hins vegar aðallega vegna aukins útstreymis koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>), en sú lofttegund er lang þýðingarmest af þeim lofttegundum sem valda gróðurhúsaáhrifum og vegur um 70% af því heildarútstreymi. Koldíoxíð er því mesti áhættuþátturinn og jafnframt sú lofttegund sem mest er litið til þegar rætt er um þörf á því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Tafla 2 sýnir heildarútstreymi CO<sub>2</sub> árin 1990–2004. Hefur útstreymi aukist um 31% á þessu tímabili, en þá er ekki tekið tillit til ákvörðunar 14/CP.7 við Kýótó-bókkunina. Sé tekið tillit til þessarar ákvörðunar og sá hluti útstreymis ekki meðtalin telst aukningin vera um 10%. Eins og sést á mynd 2 er aukningin aðallega tengd iðnaðarferlum, þ.e.a.s. stóriðju. Næst mesta útstreymið er af völdum fiskveiða, en útstreymi árið 2004 var um 9% meira en á árinu 1990. Þriðja mesta útstreymi er tengt vegasamgöngum og hefur aukning þar frá 1990 verið um 25% og sama hlutfallsleg aukning hefur orðið á útstreymi af völdum almenns iðnaðar og byggingastarfsemi.


## Mynd 2. Útstreymi koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) eftir uppruna 1990–2004

Figure 2. Emissions of carbon dioxide (CO<sub>2</sub>) by source 1990–2004



Aðrar lofttegundir sem valda skaðlegu útstreymi og hér verður fjallað um eru brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), kolmónoxíð (CO) og rökgyjörn lífræn efni, án metans, (NMVOC), sjá töflur 3-6. Ísland raðar sér í hóp með þeim löndum í Evrópu þar sem útstreymi SO<sub>2</sub> á íbúa er einna mest, sjá mynd 3. Þó er hér ekki meðtalið útstreymi H<sub>2</sub>S frá jarðhitavirkjunum, en ágreiningur er um hvort telja beri það með í samanburði sem þessum.

**Mynd 3. Útstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>), 1995 og 2002**  
 Figure 3. Emissions of sulphur dioxide (SO<sub>2</sub>), 1995 and 2002




Translation: For names of countries see table 12.

#### Brennisteinsdíoxíð

Brennisteinsdíoxíð sem berst út í andrúmsloftið er skaðlegt gróðri og breytist auk þess í brennisteinsýru ef það gengur í efnasamband við raka. Regn súrnar þá og getur verið skaðlegt lífríkinu og þar með heilsu manna. Súrn jarðvegur og súrn stöðuvötn og ár hefur verið mikið vandamál á hinum Norðurlöndunum en hefur til þessa ekki skapað vanda á Íslandi. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi fellur lítið súrt regn á Íslandi vegna legu landsins. Í öðru lagi er berggrunnur landsins ungur og veðrast því mikið en veðrun vegur upp á móti jarðvegssúrnun. Berggrunnur meginlands Norður-Evrópu veðrast hins vegar lítið og af því leiðir að þar eru viðkvæmstu svæði Evrópu með tilliti til súrnunar jarðvegs og vatna. Af þeim löndum sem samanburður er gerður við er Ísland eina landið þar sem útstreymi brennisteinsdíoxíðs hefur aukist frá árinu 1995, sjá mynd 3. Útstreymi SO<sub>2</sub> frá iðnaðarferlum (stóriðju) hefur aukist mikið hin síðari ár, eins og sést í mynd 4. Útstreymi frá öðrum iðnaði hefur minnkað nokkuð, en útstreymi frá samgöngum og fiskveiðum hefur dregist verulega saman.

**Mynd 4. Útstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) eftir uppruna 1990–2003**  
 Figure 4. Emissions of sulphur dioxide (SO<sub>2</sub>) by source 1990–2003




### Köfnunarefnisdíoxíð

Eins og ústreymsi brennisteinsdíoxíðs er ústreymsi köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>) skaðlegt umhverfinu og heilsu manna. Sérstaða Íslands vegna þessa ústreymsis er mikil í samanburði við önnur lönd eins og kemur fram á myndum 5 og 6. Algengasti mælikvarði í samanburði milli landa á ústreymsi köfnunarefnisoxíða er kg ústreymsis á íbúa. Segja má að þessi mælikvarði sé mjög óhagstæður Íslendingum því ústreymsi í kg á íbúa er langmest á Íslandi og gildir þá einu hvaða lönd í Evrópu eru valin til samanburðar. Sé hins vegar miðað við stærð landa er hlutur Íslands með því minnsta sem þekktist í Evrópu. Í meðfylgjandi súluriti á mynd 5, um samanburð milli landa eru því báðir mælikvarðar sýndir. Í flestum löndum eru ökutæki á vegum mesti mengunarvaldur hvað varðar ústreymsi köfnunarefnisoxíða, en á Íslandi hafa allt að 2/3 hlutar alls ústreymsis köfnunarefna verið frá fiskveiðiflotanum, sem er hlutfallslega mjög stór þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Mynd 7 sýnir ústreymsi köfnunarefnisoxíða á hvern íbúa árin 1995 og 2002 í samanburði við nokkur lönd í Evrópu.


#### Mynd 5. Ústreymsi köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>), kg á íbúa og kg á km<sup>2</sup> 2002

Figure 5. Emissions of nitrogen oxide (NO<sub>x</sub>), kg per capita and kg per km<sup>2</sup> 2002




#### Mynd 6. Ústreymsi köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>) eftir uppruna 2002

Figure 6. Emissions of nitrogen oxide (NO<sub>x</sub>) by source 2002




Translation: For names of countries see table 12.

**Mynd 7. Útstreymi köfnunarefnisoxíða (NOx), kg á íbúa 1995 og 2002**  
 Figure 7. Emissions of nitrogen oxide (NOx), kg per capita 1995 og 2002



**Kolmónoxíð** Á Íslandi eru samgöngur á vegum helsta uppspretta útstreymis kolmónoxíðs (CO). Tafla 5 sýnir þróun útstreymis kolmónoxíðs síðustu árin. Útstreymi hefur minnkað mikið og aðallega vegna fjölgunar bifreiða sem hafa hvarfakúta. Hins vegar má búast við að mikil fjölgun bíla muni leiða til aukins útstreymis á ný. Myndir 8 og 9 sýna samanburð við nokkur Evrópulönd.


**Mynd 8. Útstreymi kolmonoxíðs (CO), kg á íbúa 1995 og 2002**  
 Figure 8. Emissions of carbonmonoxide (CO), kg per capita 1995 and 2002



Translation: For names of countries see table 12.

### Mynd 9. Útstreymi kolmonoxíðs (CO) eftir uppruna 2002

Figure 9. Emissions of carbonmonoxide (CO) by source 2002




#### Rokgjörn lífræn efni

Samgöngur á vegum eru helsta uppspretta útstreymis rokgjarnra lífrænna efna hér á landi. Útstreymi hefur fyrst og fremst minnkað vegna fjölgunar bifreiða sem hafa hvarfakúta. Notkun á leysiefnum er önnur mesta uppspretta þessa útstreymis, en hún hefur minnkað frá árinu 2000. Útstreymi rokgjarnra lífrænna efna hefur minnkað í flestum Evrópulöndum á undanförunum árum. Noregur sker sig þó úr hvað það varðar og einnig hve mikið útstreymi er á hvern íbúa. Sérstaða Noregs skýrist af olíuvinnslu. Sjá töflu 6 og myndir 10–11.

### Mynd 10. Útstreymi rokgjarnra lífrænna efna, án metans (NMVOC), kg á íbúa 1995 og 2002


Figure 10. Emissions of non-methane volatile organic compounds (NMVOC), kg per capita 1995 and 2002



Translation: For names of countries see table 12.

### Mynd 11. Útstreymi rokkgjarnra lífrænna efna, án metans (NMVOC) eftir uppruna 2002

Figure 11. Emissions of non-methane volatile organic compounds (NMVOC) by source 2002




### Orkunotkun

Orkunotkun mest á hvern íbúa

Orkunotkun skiptir miklu máli vegna útstreymis skaðlegra lofttegunda. Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem nota mesta orku á hvern íbúa. En þeir hafa mikla sérstöðu hvað varðar orkugjafa og er nýting endurnýjanlegra orkugjafa mun meiri hérlandis en í öðrum löndum Evrópu og þó víðar væri leitað, sjá myndir 12, 13 og 14 og töflur 7-9.

### Mynd 12. Heildarorkunotkun á íbúa

Figure 12. Total final consumption of energy per capita




<sup>1</sup> TOE= tonn olúígildis. Tonnes of oil equivalent.




### Mynd 13. Heildarnotkun orku eftir atvinnuvegum 2002

Figure 13. Total final consumption of energy by sector 2002



### Mynd 14. Hlutfallsleg orkunotkun eftir orkugjöfum 2002


Figure 14. Total energy consumption by fuel (%) 2002



Translation: For names of countries see table 12.

### Mynd 15. Orkunotkun á Íslandi eftir orkugjöfum 1960–2004


Figure 15. Energy consumption by source 1960–2004



¹ 1.000 tonna að olíuígildi. 1,000 tonnes of oil equivalent.

### Mynd 16. Orkunotkun innanlands eftir helstu notendum, 1970=100

Figure 16. Domestic energy consumption by sectors. 1970=100



Orkuvinnsla hefur margvísleg áhrif á umhverfið, hvort sem um er að ræða brennslu eldsneytis, eða virkjun vatnsfalla og jarðvarma. Má auk útstreymis nefna sjónmengun, landröskun og eyðingu lífríkis og búsvæða. Orkunotkun innanlands hefur breyst mikið frá því um miðja síðustu öld eins og sést á mynd 15. Þar er orkunotkun sýnd í orkueiningum, þ.e. orkan úr mismunandi orkulindum er þá umreiknuð í eina mælieiningu, eðlisfræðilega orkueiningu. Mynd 16 sýnir þróun orkunotkunar eftir helstu notendum.


## Samgöngur

*Bilaeign með því mesta sem þekktist*

Eins og sést hér að framan skipta samgöngur, sérstaklega vegasamgöngur miklu máli varðandi útstreymi skaðlegra lofttegunda. Árið 2002 voru Íslendingar í þriðja sæti Evrópuþjóða hvað varðar fjölda einkabíla á hverja þúsund íbúa. Einungis Lúxemborg og Ítalía voru með fleiri bíla á hverja þúsund íbúa, sjá mynd 17. Árið 1995 voru einkabílar um 445 á hverja þúsund íbúa hér á landi, sem var lang hæsta talan á Norðurlöndunum. Síðan þá hefur einkabílum fjölgað um 47% á Íslandi, 23% í Finnlandi og enn minna á hinum Norðurlöndunum, sjá mynd 18. Stærð og þyngd bíla hefur einnig aukist mjög hér á landi. Til dæmis jókst þyngd nýskráðra einkabíla um 12% milli árána 2001 og 2005. Er því ljóst að útstreymi skaðlegra lofttegunda eykst stöðugt hvað vegasamgöngur varðar. Sjá einnig töflur 10 og 11.

### Mynd 17. Fólksbílar á hverja 1.000 íbúa 1995 og 2002


Figure 17. Passenger cars per 1,000 inhabitants 1995 and 2002



Translation: For names of countries see table 12.

### Mynd 18. Fjöldi fólksbíla, 1995=100

Figure 18. Number of passenger cars, 1995=100




## Vatn

*Mikið og gott vatn*

Ferskvatn er ein mesta auðlind Íslendinga og staða mála hvað varðar almennt neysluvatn óvíða eins góð hvað snertir gæði og magn. Í alþjóðlegum samanburði teljast Íslendingar oftast en ekki hafa meira neysluvatn til ráðstöfunar á hvern íbúa en nokkur önnur þjóð í Evrópu og þeir ganga jafnframt minnst á sinn vatnsforða þrátt fyrir að árleg vatnstaka á hvern íbúa sé með því mesta sem gerist. Hluttur grunnvatns í vatnstöku er einnig mikill hér á landi, sem er ótvírætt gæðamerki, sjá töflu 12 og myndir 19 og 20.


### Mynd 19. Árleg vatnstaka á íbúa 2000–2002

Figure 19. Estimated water abstraction per inhabitant 2000–2002



### Mynd 20. Ársnotkun af endurnýjanlegum vatnsforða


Figure 20. Water resources and withdrawal



Skipting vatnstöku sýnir að almennar vatnsveitur eru stærsti notandinn, með rétt tæplega helming allrar vatnstöku. Hluttur landbúnaðar og fiskveiða er rúmlega 40%, en þar vegur fiskeldi lang mest. Iðnaður er með rétt innan við 10% og einkaveitur einstaklinga rétt um 1%, sjá mynd 21.

**Mynd 21. Hlutfallsleg skipting vatnstöku 2003**

Figure 21. Water abstraction 2003, percent distribution



Upplýsingar um áætlaða vatnstöku hérlendis eru að mestum hluta fengnar frá Orkustofnun, en stóriðjuver hafa áætlað sína notkun og notkun fiskiðnaðarins hefur verið áætluð hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.


*Fráveitumál* Fram til ársins 1993 má segja að fráveituvatn hafi almennt ekki verið hreinsað á Íslandi heldur farið beint á haf út. Einungis um 2% íbúa tengdust almenningsfráveituhreinsun, en slíkt hlutfall var á þeim tíma vel yfir 50% í flestum öðrum Evrópulöndum. Kröfur frá Evrópusambandinu um hreinsun fráveituvatns hafa gjörbreytt þessu og hafa verið gerðar miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir þannig að í dag er hlutfall íbúa sem tengjast almenningsfráveituhreinsun orðið um 57%, en í flestum þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við er hlutfallið yfir 80%.

**Land**

*Friðlýst svæði* Yfir stendur ítarleg endurskoðun á landfræðilegum tölum fyrir Ísland og því ekki unnt að birta hér tölur um landnotkun. Einu tölurnar sem hér birtast eru tölur varðandi friðlýst svæði, sjá töflu 13 og myndir 22 og 23. Í lok árs 2004 voru friðlýst svæði á Íslandi 90 talsins. Hafði þeim fækkað um eitt svæði frá árinu áður en það kemur til af því að þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stækkaður á árinu 2004 og friðlýsta svæðið Lakagígur sem áður flokkaðist sem náttúruvætti telst nú innan þess þjóðgarðs. Þrátt fyrir að þjóðgarðurinn í Skaftafelli hafi stækkað um 3.394 km<sup>2</sup> minnkaði heildarstærð friðlýstra svæða á árinu 2004 um rúmlega 1.000 km<sup>2</sup>, úr 9.985 km<sup>2</sup> í 8.950 km<sup>2</sup>. Skýrist það af nýjum lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, en samkvæmt þeim lögum minnkar friðlýst svæði þar um 4.269 km<sup>2</sup>, eða úr 4.600 km<sup>2</sup> í 331 km<sup>2</sup>.

**Mynd 22. Friðlýst svæði í hlutfalli af heildarstærð hvers lands 2003**


Figure 22. Protected areas, per cent of total area 2003



<sup>1</sup> Ísland 2004 Iceland 2004

**Mynd 23. Stærð og fjöldi friðlýstra svæða 1928–2005**

Figure 23. Size and number of protected areas 1928–2005


**Úrgangur***Meðhöndlun úrgangs*

Ný reglugerð Evrópusambandsins um úrgang og meðhöndlun hans gekk í gildi á árinu 2002 eftir margra ára undirbúning. Samkvæmt henni eru skilgreiningar mun skýrari en áður var og ætti samanburður milli landa að verða einfaldari. Innlendir tölur sem hér birtast um magn og meðhöndlun úrgangs byggja á könnun sem gerð var árið 2002 vegna landsáætlunar sem Umhverfisstofnun gaf út um meðhöndlun úrgangs. Tölurnar eru mun meira sundurliðaðar en áður og í samræmi við hina nýju reglugerð Evrópusambandsins. Megin breyting er vegna skilgreiningar milli úrgangs sem safnað er af sveitarfélögum og annars úrgangs. Tafla 14 sýnir hina nýju sundurliðun og tafla 15 sýnir ráðstöfun úrgangs. Magn úrgangs eykst stöðugt, en jafnframt hefur endurnýting aukist hin síðari ári. Mynd 24 sýnir samanburð við önnur lönd. Þrátt fyrir áður nefnda nýja reglugerð Evrópusambandsins ber að skoða

samanburð þennan með fyrirvara, þar sem ekki er vitað hversu langt löndin eru komin í því að samræma sínar tölur að skilgreiningum reglugerðarinnar.

#### Mynd 24. Úrgangur sem safnað er af sveitarfélögum, kg á íbúa

Figure 24. Municipal waste, kg per inhabitant



#### English summary

This publication presents statistical information on several environmental factors with emphasis on pollutant emissions and comparisons with other countries. Total emissions of carbon dioxide and of sulphur dioxide has increased since year 1990, mostly because of increased emissions from industrial activities. Emissions of nitrogen oxide, carbon monoxide and non-methane volatile organic compounds decreased during this period. This is due mainly to an increased number of cars using catalytic converters, resulting in less traffic induced emissions. In the last couple of years, however, the above mentioned emissions have increased again, probably because of an increased number of cars and the fact that newly registered cars are perpetually bigger and more powerful. The number of private cars has increased more in Iceland than in the comparative countries and domestic energy consumption per capita is greater than in most other countries. However, Iceland has a unique position regarding renewable energy sources. Freshwater resources are abundant and of high quality. Waste generation is steadily rising but waste management has been improving in the last few years.

**Tafla 1. Útstreymi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum, flokkað eftir uppruna 1990–2004**  
*Table 1. Total greenhouse gas emissions by source 1990–2004*

1.000 tonn <i>tonnes</i>	1990	1995	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004 <sup>1</sup>
<b>Heildarútstreymi af mannavöldum</b> <i>Total man-made emissions</i>	<b>3.282</b>	<b>3.110</b>	<b>3.490</b>	<b>3.679</b>	<b>3.582</b>	<b>3.574</b>	<b>3.577</b>	<b>3.534</b>	<b>3.642</b>
<b>Heildarútstreymi af mannavöldum, að frátöldu útstreymi skv. hinu íslenska ákvæði í Kyoto-bókuninni</b> <i>Total man-made emissions, Emissions fulfilling Decision 14/CP.7 excluded</i>	<b>3.282</b>	<b>3.110</b>	<b>3.382</b>	<b>3.564</b>	<b>3.309</b>	<b>3.170</b>	<b>3.136</b>	<b>3.083</b>	<b>3.187</b>
<b>Nettóúttstreymi með bindingu</b> <i>Net emissions (with carbon sequestration)</i>	<b>3.274</b>	<b>3.040</b>	<b>3.268</b>	<b>3.429</b>	<b>3.153</b>	<b>2.997</b>	<b>2.943</b>	<b>2.876</b>	<b>2.979</b>
<b>Eldsneytisbrennsla</b> <i>Fuel combustion</i> <sup>2</sup>	<b>1.704</b>	<b>1.819</b>	<b>1.931</b>	<b>1.971</b>	<b>1.873</b>	<b>1.845</b>	<b>1.916</b>	<b>1.861</b>	<b>1.960</b>
Iðnaður og byggingastarfsemi <i>Industry and construction</i>	377	376	465	492	445	477	477	451	481
Vegasamgöngur <i>Road transport</i>	516	548	573	607	619	625	634	659	667
Aðrar samgöngur <i>Other transport</i>	92	67	54	50	41	45	40	39	43
Fiskveiðar <i>Fishing vessels</i>	662	780	789	773	728	646	713	669	720
Önnur eldsneytisbrennsla <i>Other</i>	56	48	50	48	40	51	53	43	49
<b>Iðnaðarferlar</b> <i>Industrial processes</i>	<b>867</b>	<b>559</b>	<b>691</b>	<b>819</b>	<b>677</b>	<b>567</b>	<b>495</b>	<b>509</b>	<b>506</b>
Málmiðnaður <i>Metal industry</i>	760	448	531	656	555	433	413	401	379
Annar iðnaður <i>Other industry</i>	106	111	160	163	122	135	82	108	126
<b>Útstreymi sem fellur undir ákvörðun 14/CP.7</b> <i>Emissions fulfilling Decision 14/CP.7</i> <sup>3</sup>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>108</b>	<b>115</b>	<b>273</b>	<b>404</b>	<b>441</b>	<b>451</b>	<b>455</b>
<b>Efnanotkun</b> <i>Solvent use</i>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>3</b>
<b>Landbúnaður</b> <i>Agriculture</i>	<b>571</b>	<b>523</b>	<b>542</b>	<b>548</b>	<b>529</b>	<b>526</b>	<b>503</b>	<b>489</b>	<b>500</b>
<b>Úrgangur</b> <i>Waste</i>	<b>134</b>	<b>204</b>	<b>214</b>	<b>222</b>	<b>226</b>	<b>228</b>	<b>217</b>	<b>220</b>	<b>218</b>
<b>Binding koldíoxíðs með gróðri</b> <i>Carbon sequestration</i>	<b>-8</b>	<b>-70</b>	<b>-114</b>	<b>-135</b>	<b>-156</b>	<b>-173</b>	<b>-193</b>	<b>-208</b>	<b>-208</b>

**Skýringar** *Notes:* Útreikningar eru skv. samræmdum alþjóðlegum leiðbeiningum (IPCC). *The data is prepared according to harmonized international guidelines (IPCC).*

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

<sup>2</sup> Millilandaflutningar eru ekki meðtaldir og útstreymi CO<sub>2</sub> frá lífmassa er einnig undanskilið. *Excluding international transport and CO<sub>2</sub> emission from biomass.*

<sup>3</sup> Útstreymi koldíoxíðs frá iðnaðarferlum, sem uppfyllir ákvörðun 14/CP.7 við Kyoto-bókunina, er talið fram sérstaklega. *Industrial process carbon dioxide, fulfilling Decision 14/CP.7, is reported separately.*

**Heimild** *Source:* Umhverfisstofnun. *Environment and Food Agency of Iceland.*



**Tafla 2. Útstreymi koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>), flokkað eftir uppruna 1990–2004**  
**Table 2. Emission of carbon dioxide (CO<sub>2</sub>) by source 1990–2004**

1.000 tonn <i>1,000 tonnes</i>	1990	1995	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004 <sup>1</sup>
<b>Heildarútstreymi af mannavöldum</b> <i>Total man-made emissions</i>	<b>2.084</b>	<b>2.216</b>	<b>2.399</b>	<b>2.573</b>	<b>2.582</b>	<b>2.592</b>	<b>2.683</b>	<b>2.626</b>	<b>2.737</b>
<b>Heildarútstreymi af mannavöldum, að frátöldu útstreymi skv. hinu íslenska ákvæði í Kyoto-bókuninni</b> <i>Total man-made emissions, Emissions fulfilling Decision 14/CP.7 excluded</i>	<b>2.084</b>	<b>2.216</b>	<b>2.292</b>	<b>2.458</b>	<b>2.309</b>	<b>2.188</b>	<b>2.241</b>	<b>2.175</b>	<b>2.283</b>
<b>Nettóútstreymi með bindingu</b> <i>Net emissions (with carbon sequestration)</i>	<b>2.076</b>	<b>2.146</b>	<b>2.177</b>	<b>2.323</b>	<b>2.152</b>	<b>2.015</b>	<b>2.048</b>	<b>1.968</b>	<b>2.075</b>
<b>Eldsneytisbrennsla</b> <i>Fuel combustion<sup>2</sup></i>	<b>1.673</b>	<b>1.776</b>	<b>1.877</b>	<b>1.907</b>	<b>1.809</b>	<b>1.782</b>	<b>1.854</b>	<b>1.797</b>	<b>1.889</b>
Iðnaður og byggingastarfsemi <i>Industry and construction</i>	361	357	441	467	419	452	453	425	450
Vegasamgöngur <i>Road transport</i>	509	534	552	577	589	595	604	628	636
Aðrar samgöngur <i>Other transport</i>	91	67	53	50	40	45	40	39	43
Fiskveiðar <i>Fishing vessels</i>	655	772	781	765	720	640	705	662	712
Önnur eldsneytisbrennsla <i>Other</i>	56	47	50	48	40	51	52	43	48
<b>Iðnaðarferlar</b> <i>Industrial processes</i>	<b>393</b>	<b>427</b>	<b>405</b>	<b>544</b>	<b>493</b>	<b>399</b>	<b>381</b>	<b>374</b>	<b>391</b>
Málmiðnaður <i>Metal industry</i>	340	389	350	482	427	340	340	340	340
Annar iðnaður <i>Other industry</i>	53	38	55	62	66	59	41	34	51
<b>Útstreymi sem fellur undir ákvörðun 14/CP.7</b> <i>Emissions fulfilling Decision 14/CP.7<sup>3</sup></i>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>108</b>	<b>115</b>	<b>273</b>	<b>404</b>	<b>441</b>	<b>451</b>	<b>455</b>
<b>Úrgangur</b> <i>Waste</i>	<b>19</b>	<b>13</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
<b>Binding koldíoxíðs með gróðri</b> <i>Carbon sequestration</i>	<b>-8</b>	<b>-70</b>	<b>-114</b>	<b>-135</b>	<b>-156</b>	<b>-173</b>	<b>-193</b>	<b>-208</b>	<b>-208</b>

**Skýringar** *Notes:* Útreikningar eru skv. samræmdum alþjóðlegum leiðbeiningum (IPCC). *The data is prepared according to harmonized international guidelines (IPCC).*

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

<sup>2</sup> Millilandaflutningar eru ekki meðtaldir og útstreymi CO<sub>2</sub> frá lífmassa er einnig undanskilið. *Excluding international transport and CO<sub>2</sub> emission from biomass.*

<sup>3</sup> Útstreymi koldíoxíðs frá iðnaðarferlum, sem uppfyllir ákvörðun 14/CP.7 við Kyoto-bókunina, er talið fram sérstaklega og ekki innifalið í tölum um heildarútstreymi. *Industrial process carbon dioxide, fulfilling Decision 14/CP.7, is reported separately and not included in national totals.*

**Heimild** *Source:* Umhverfisstofnun. *Environment and Food Agency of Iceland.*

**Tafla 3. Útstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>), flokkað eftir uppruna 1990–2004**  
 Table 3. Emission of sulphur dioxides (SO<sub>2</sub>) by source 1990–2004

1.000 tonn tonnes	1990	1995	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004 <sup>1</sup>
<b>Heildarútstreymi af mannavöldum</b> <i>Total man-made emissions</i>	<b>7,25</b>	<b>7,42</b>	<b>7,58</b>	<b>7,90</b>	<b>7,83</b>	<b>8,39</b>	<b>8,74</b>	<b>8,30</b>	<b>7,77</b>
